

Stærðfræði 3. bekkur

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason; Sara Gísladóttir

3

Lýsing

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og

líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Kennsluaðferðir:

Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Námsaðlögun

Nemendur fá verkefni miðað við eigin hæfni og getu.

Þyngdarskipt verkefni.

Lengri tími til að leysa verkefni, notkun sérstakra hjálpargagna, aðstoð og munnlegt námsmat.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum. Notast er við leiðsagnarmat og símat jafnt yfir allan veturinn.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS stærðfræði 3. b.

- Framvinda
- Hæfnieinkunn (A-D)
- Getur talið í hoppum á tölunum 2,3,4,5,
- Þekkir hugtökin eining - tugur- hundrað - þúsund
- Getur skipt jafnt á milli (deiling)
- Getur útskýrt talnamynstur
- Getur unnið með heilan tíma, hálfan tíma og korter (60 mín, 30 mín, 15 mín)
- Getur skráð í og lesið úr tíðnitöflum
- Getur útskýrt lausnaleyðir
- Þekkir hugtök reikniaðgerðanna.
- Getur beitt hugarreikningi
- Tengir viðfangsefni daglegu lífi
- Getur talið afturábak
- Gerir sér grein fyrir sambandi milli reikniaðgerða
- Þekkir hugtakið almennt brot - mynðræn tenging $1/2$, $1/3$, $1/4$, $1/5$
- Getur unnið með mynstur og form
- Þekkir hugtökin sentimetrar og metrar, grömm og kíló
- Getur gert einfaldar kannanir og birta niðurstöður í myndriti
- Getur unnið með öðrum
- Getur unnið með kubba, mælitæki, form, spil og vigt
- Getur fyllt út í talnalínu

- Þekkir tölutáknin 0-1000
- Kann að taka til láns og geyma
- Getur leyst úr einfaldum jöfnum
- Þekkir heiti og útlit tví- og þrívíðra forma
- Getur spáð fyrir um tíðni og gert athugun í kjölfarið
- Getur unnið með orðadæmi
- Getur borið saman stærð talna
- Þekkir hugtökin eining, tugur, hundrað og þúsund í sætiskerfi
- Getur nýtt sér nokkrar margföldunartöflur
- Getur unnið með sviga við lausn stæða
- Kann að spegla, hliðra og snúa myndum
- Getur búið til orðadæmi
- Getur unnið með vennkort, hugtakakort, (myndrænt) og spurt spurninga eins og kann, veit og hef lært (KVL)
- Getur lesið tölur upp í 1000
- Getur fundið talnamynstur í margföldun
- Þekkir merkingu jafnaðarmerkis
- Þekkir rétt, hvöss og gleið horn
- Getur leyst úr opnum þrautum (margar lausnir)
- Getur unnið með form, fjölda, tíðni, mynstur og aðgerðir



Sproti 3a nemendabók og æfingabók

Vinnubækur



Sproti 3b nemendabók og æfingabók

Vinnubækur



Margvísleg aukaverkefni

Verklegar æfingar og fleira



Margföldunartaflan

Tafla

KENNSLUSKIPULAG

- Almenn brot og tölfræði

Í þessu skipulagi kynnst nemendur almennum brotum og vinna með tölfræði, t.d. tíðnitölur, súlurit og gera kannanir.

- Reikniaðgerðirnar

Í þessu kennsluskipulagi verður unnið með fjórar reikniaðgerðir, samlagning, frádrátt, margföldun og deilingu.

- Rúmfræði og mælingar

Í þessu skipulagi vinna nemendur með efni tengt rúmfræði og mælingum.

- Tími og klukka

Í þessu skipulagi munu nemendur vinna með tíma, árstíðir, dagatal og klukku.